

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/11/EB**

frá 4. maí 1995

**um breytingu á tilskipun 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun ráðsins 70/524/EBE er kveðið á um viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafóðri sem síðan voru samþykktar með tilskipun ráðsins 87/153/ESB frá 16. febrúar 1987 um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/ESB <sup>(3)</sup>, ásamt þeim breytingum sem síðar meir kunna að verða gerðar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði vísinda og tækni.

Til þess að hafa tryggingu fyrir óbreyttu ástandi örverustofna og stöðugleika þeirra við notkun í iðnaði er nauðsynlegt að koma viðmiðunarefni í vörslu á söfnunarstað ræktunar sem er viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili í samræmi við Búdapestsáttmálann. Með þessu ákvæði er jafnframt unnt að vísa nákvæmlega til notaðra örverustofna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðaukanum við tilskipun 87/153/EBE er breytt eins og segir í viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög eða stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 106, 11. 5. 1995, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/96 frá 28. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 64, 7. 3. 1987, bls. 19.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 208, 11. 8. 1994, bls. 15.

## VIÐAUKI

1. Í stað texta í lið 2.2 í II. þætti komi eftirfarandi texti:

„2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili<sup>(1)</sup>, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur. Auk þess uppruni, viðeigandi útlitseinkenni og lífeðlisfræðilegir eiginleikar, þróunarstig, viðkomandi þættir er kunna að vera hluti af líffræðilegri virkni örveru (sem aukeftni) og aðrar erfðafræðilegar upplýsingar til auðkenningar. Fjöldi gerlaklasaeininga sem myndast (CFU/g).

Fyrir ensímefnablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili<sup>(1)</sup>, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur, að meðtöldum erfðafræðilegum upplýsingum), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.

Ætíð skal framvísa afriti af kvittun fyrir innlögn örveru hjá alþjóðlegum vörsluaðila þar sem kemur fram heiti og flokkunarfræðileg lýsing á örverunni í samræmi við alþjóðlegu flokkunarkerfistáknin (Codes of Nomenclature).“

2. Í stað texta í lið 2.2 í V. þætti komi eftirfarandi texti:

„2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur.

Fyrir ensímefnablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, viðurkenndur sem alþjóðlegur vörsluaðili, helst í Evrópusambandinu, þar sem stofninn er í vörslu, ásamt vörslunúmeri, breytingum á erfðaeftni og öllum eiginleikum sem gera kleift að bera kennsl á örverur, að meðtöldum erfðafræðilegum upplýsingum), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.“

<sup>(1)</sup> Alþjóðlegur vörsluaðili samkvæmt 7. gr. Búdapestsáttmálans um alþjóðaviðurkenningu á vörslu örvera vegna umsókna um einkaleyfi.